

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbærar á tillögum að deiliskipulagi.

*Markarvegur 3-5. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbærar samþykkt 8. janúar 2019 breytingu á deiliskipulagi fyrir Markarveg 3-5. Í breytingunni felst að stækka og samtengja byggingar.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Vesturvör, Litlavör og Naustavör. Göturými. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbærar samþykkt 12. febrúar 2019 deiliskipulag fyrir göturými Vesturvarar, Litluvarar og Naustavarar. Í deiliskipulaginu felst m.a. að vegtengingar eru bættar, tveimur hringtorgum er komið fyrir við gatnamót Vesturvarar og Naustavarar annars vegar og við gatnamót Vesturvarar, Naustavarar og Norðurvarar hins vegar. Við austara hringtorgið, á gatnamótum Vesturvarar og Naustavarar er jafnframt gert ráð fyrir nýrri tengingu til suðurs að Litluvör þar sem sú gata er lengd til vesturs. Lóðamörk Kársnesbrautar 76 (verður Litlavör 15) og Kársnesbrautar 78 (verður Litlavör 17) færast sunnar og gert er ráð fyrir nýrri gönguleið milli lóðanna sem mun tengja saman gönguleiðir sunnan og norðan Vesturvarar. Jafnframt breytast lóðamörk Vesturvarar 16-20 og Kársnesbrautar 96. Vestan við hringtorgið er gert ráð fyrir undirgöngum undir Vesturvör. Þá er gert ráð fyrir nýjum hljóðvörnum bæði norðan og sunnan Vesturvarar milli gatnamóta Vesturvarar, Naustavarar og Litluvarar.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kársnesbraut 76-84 og Vesturvör 7. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbærar samþykkt 12. febrúar 2019 breytingu á deiliskipulagi fyrir Kársnesbraut 76-84 og Vesturvör 7. Í breytingunni felst að Litlavör lengist til vesturs um 95 metra og tengist fyrirhuguðu nýju hringtorgi á gatnamótum Vesturvarar, Naustavarar og Litluvarar. Gert er ráð fyrir undirgöngum vestan hringtorgsins ásamt nýrri gönguleið milli Litluvarar 15 og 17. Lóðamörk og götuheiti við Litluvör og Kársnesbraut breytast. Lóðirnar Kársnesbraut 76-82a verða Litlavör 15-23. Norðurmörk lóðanna við Litluvör 15-17 færast sunnar, fyrirkomulag aðkeyrsla og byggingarreitur bílageymslu breytist.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Naustavör 1 og 3. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbærar samþykkt 12. febrúar 2019 breytingu á deiliskipulagi fyrir Naustavör 1 og 3. Í breytingunni felst að lóðamörk breytast og minnkar lóðin til allra átta um 2.670 m<sup>2</sup> og verður eftir breytingu um 2.100 m<sup>2</sup>. Lega Naustavarar austan lóðar breytist með tilkomu nýs hringtorgs og aðkoma að lóð ásamt fyrirkomulagi bílastæða breytist. Í stað tveggja fjölbýlishúsa með 9 og 8 íbúðum eins og gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir kemur einn byggingarreitur fyrir hús á 4 hæðum auk kjallara, með alls 17 íbúðum.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Nr. 357

11. apríl 2019

*Vesturvör 16-28 og Hafnarbraut 20. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt 12. febrúar 2019 breytingu á deiliskipulagi fyrir Vesturvör 16-28 og Hafnarbraut 20. Í breytingunni felst að lóðamörk Vesturvarar 16-20 færast til norðvesturs á suðausturhluta lóðarinnar um 11 metra til að koma fyrir nýju hringtorgi á gatnamótum Vesturvarar, Naustavarar og Norðurvarar ásamt vegriði á lóðamörkum til austurs. Stærð lóðarinnar breytist úr 7.480 m<sup>2</sup> í um 7.200 m<sup>2</sup>.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlutið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 11. apríl 2019.*

**Birgir Hlynur Sigurðsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 16. apríl 2019